

# REGLUGERÐ

## um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, auk gjalds fyrir sjúkraflutninga.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Sjúkratryggingar Íslands skulu kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

##### 2. gr.

##### *Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.*

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðilæknir ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknaþréf. Komi sjúklingur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu annars sérfræðilæknis skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda læknaþréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðilæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

##### 3. gr.

##### *Hverjir eru sjúkratryggðir.*

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

## II. KAFLI Heilsugæsla.

4. gr.

### *Komugjöld á dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 500.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra- og ungbarnavernd er átt við mæðra- og ungbarnavernd eins og hún er skilgreind í leiðbeiningum landlæknis um meðgönguvernd og um heilsuvernd barna (ung- og smábarnavernd).

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

5. gr.

### *Komugjöld utan dagvinnutíma.*

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.300.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

6. gr.

### *Gjöld vegna vitjana lækna.*

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.800.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.400.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 500.

Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.800.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.850.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 700.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá sammingsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

7. gr.

*Gjöld fyrir aðra þjónustu.*

Sjúkratryggðir skulu greiða fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð sem hér segir:

1. Blóðmauraheilabólga (J07BA01), kr. 4.300.
2. Meningókokkar (J07AH)
  - a. fjörgilt fjölsykrubóluefni (J07AH04), kr. 5.600.
  - b. próteintengt fjölsykrungabóluefni gegn stofni C (J07AH07, 18 ára og eldri), kr. 5.600.
3. Hlaupabóla (J07BK01), kr. 8.600.
4. Hundæði (J07BG01), kr. 11.850.
5. Inflúensa (J07BB02), kr. 950.
6. Japönsk heilabólga (J07BA02), kr. 5.900.
7. Kólera (bóluefni til inntöku, J07AE01), kr. 4.200.
8. Lifrabólga A 720 ein./ml (J07BC02), kr. 3.850.
9. Lifrabólga A 1400 ein./ml (J07BC02), kr. 5.600.
10. Lifrabólga B (J07BC01), kr. 4.000.
11. Lifrabólga B fyrir börn (J07BC01), kr. 3.100.
12. Lifrabólga A og B (J07BC20), kr. 7.900.
13. Lifrabólga A og B fyrir börn (J07BC20), kr. 5.300.
14. Lungnabólga (J07AL01), kr. 3.300.
15. Mislingar ásamt hettusótt og rauðum hundum (J07BD52), kr. 3.400.
16. Mýgulúsótt (J07BL01), kr. 3.100.
17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna (J07AM51), kr. 1.100.
18. Taugaveiki (J07AP03), kr. 3.500.
19. Mænusótt fyrir fullorðna (J07BF03), kr. 1.200.
20. Rótaveirusýking (J07BH01), kr. 13.700.

Gjöld skv. 1. mgr. skulu greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 4. og 5. gr. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í ungbarnavernd er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænu-sótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir, aðrir en börn yngri en 18 ára, greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, kr. 600.
2. Streptokokkarannsóknir, kr. 700.
3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.900.
4. CRP (C-reaktíft prótein), kr. 800.
5. HbA1c (glúkósýlerað hemóglóbín), kr. 1.500.
6. Lykkja (T), kr. 7.200.
7. Hormónalykkja, kr. 27.000.
8. Foreldrafræðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, kr. 7.000.
9. Fræðslunámskeið vegna barna með athyglisbrest og/eða ofvirkni, gildir fyrir báða foreldra, kr. 9.000.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

8. gr.

*Gjöld vegna krabbameinsleitar.*

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða kr. 3.400 fyrir hverja komu.

Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða kr. 1.700.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

III. KAFLI  
**Sjúkrahús.**  
9. gr.  
*Komugjöld.*

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 4.600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 2.300.
3. Börn yngri en 18 ára, kr. 800.
4. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Fyrir komu vegna innlagnar á sjúkrahús, þó ekki vegna innlagnar á fæðingardeild, skal sjúkratryggður greiða sem hér segir, þó ekki oftast en einu sinni í hverjum almanaksmánuði:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 6.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 3.000.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Fyrir komu og endurkomu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.400.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.300.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Fyrir komu á dagdeild sjúkrahúsa, sbr. þó 12. gr. ef um ferliverk er að ræða, skal sjúkratryggður greiða sem hér segir, þó ekki oftast en fjórum sinnum í hverjum almanaksmánuði:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 800, sbr. þó 7. mgr.
3. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 3. mgr., taka þátt í kostnaði við iðjuþjálfun, sjúkráþjálfun og talþjálfun á sjúkrahúsum á sama hátt og þeir sem leita til þjálfara sem starfar samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð nr. 354/2005, um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum. Gjöld fyrir iðju-, sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum veita rétt til þjálfunarkorts frá Sjúkratryggingum Íslands.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 3. mgr., taka þátt í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum á sama hátt og þeir sem leita til meðferðaraðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð nr. 1260/2007 um styrki vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

Aldraðir sem njóta þjónustu dagvistar í tengslum við sjúkrahús skulu, þrátt fyrir 4. mgr., taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og gildandi reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VI. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 1. mgr., þó skulu komugjald og gjöld skv. VI. kafla takmarkast við það hámarks gjald sjúkratrygðs sem tilgreint er í VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

10. gr.

*Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.*

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða kr. 190.000.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

#### IV. KAFLI

##### **Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.**

11. gr.

*Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyrstrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á eyðublöðum Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slysatrygginga skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyrstrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, kr. 460.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, kr. 920.
4. Fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlaða, kr. 920.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, kr. 460.
2. Fyrir vottorð vegna sjúkranudds, kr. 920.
3. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarþúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattyfirvalda, kr. 1.400.
4. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar, kr. 2.000.
5. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda, kr. 4.050.
6. Fyrir vottorð til lögmannna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómategygginga eða umsókna um örorkubætur, ættleiðingu, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 3.450 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til stofnunar.

#### V. KAFLI

##### **Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og á göngudeildum sjúkrahúsa.**

12. gr.

*Gjöld fyrir sérfræðilæknishjálp.*

Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 3.600 og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000.  
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna gleraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18 - 70 ára fullt verð samkvæmt umsáminni gjaldskrá sérfræðinga við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. þó 2. og 3. tölul. 1. mgr.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts elli-

lífeyris, kr. 1.300 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000.

3. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., þó að lágmarki kr. 630 og að hámarki kr. 25.000, og ekkert gjald vegna komu til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa.
4. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 7.300 fyrir keiluskurðaðgerðir. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris skulu greiða kr. 2.400 fyrir keiluskurðaðgerðir. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Með komu til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 1. mgr. er átt við ferliverk, þ.e. lækni meðferð sem unnt er að veita hvort sem er á lækna stofum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Sjúklingur greiðir gjald skv. 1. mgr. og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 25.000 í heild.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir sérfræðilæknishjálpi skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna sérfræðilæknisþjónustu (ferliverk) sem veitt er á sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið samkvæmt skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhaldna, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs sjúkrahússins.

#### 13. gr.

##### *Gjöld vegna meðferðar og rannsókna við ófrjósemi.*

Fyrir meðferð hjá IVF Iceland, tæknifrjógvun, skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Par sem ekki á barn saman:	Glasafrjógvun (IVF)	Smásjárfrjógvun (ICSI)
a. fyrsta meðferð	kr. 165.100	kr. 197.500
b. önnur til fjórða meðferð	kr. 92.800	kr. 112.000
c. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 308.300	kr. 376.700
2. Par sem á eitt barn saman:		
a. fyrsta til fjórða meðferð	kr. 243.800	kr. 292.500
b. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 308.300	kr. 376.700
3. Par sem á fleiri börn saman:	kr. 308.300	kr. 376.700

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga hjá IVF og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af áætluðu heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

Fyrir aðrar rannsóknir sem ekki tengjast tæknifrjógvunarmeðferð skulu greiðslur fara skv. 12. gr. og VI. kafla.

#### VI. KAFLI

##### **Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.**

#### 14. gr.

##### *Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar.*

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.400.

2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 470.
3. Börn yngri en 18 ára, kr. 230.
4. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 2.000 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 700 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000.
3. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul 2. mgr., þó að lágmarki kr. 350 og að hámarki kr. 25.000.
4. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 7.100 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris skulu greiða kr. 2.400 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna rannsókna, geisla- og myndgreininga og beinþéttmælinga sem gerðar eru í heilsugæslu og á sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali I með þessari reglugerð. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhaldna, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnana.

## VII. KAFLI Afsláttarskírteini.

15. gr.

### *Réttur til afsláttarskírteinis.*

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 - 70 ára hefur greitt kr. 25.000 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, innlagna á sjúkrahúsi, koma á slysadeild, göngudeild, dagdeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttmælinga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 8.100 vegna koma barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, vitjana lækna, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttmælinga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt kr. 6.100 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, innlagna á sjúkrahúsi, koma á slysadeild, göngudeild, dagdeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á

göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofu, geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Greiðslur samkvæmt 7. gr., 8. gr., 5., 6. og 7. mgr. 9. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 19. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

#### 16. gr.

##### *Gjöld þeirra sem eru með afsláttarskírteini.*

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 4.-6. gr., 1. - 4. mgr. 9. gr., 12. og 14. gr. skulu Sjúkratryggingar Íslands afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 15. gr., sem lækkar greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag, nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini samkvæmt þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir heilbrigðisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 4. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 580.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 400.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 5. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 700.
3. Fyrir vitjun læknis skv. 1. mgr. 6. gr. á dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.600.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 700.
  - c. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 300.
4. Fyrir vitjun læknis skv. 2. mgr. 6. gr. utan dagvinnutíma:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.300.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 900.
  - c. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 400.
5. Fyrir komu á slysideild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skv. 1. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.300.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 800.
  - c. Börn yngri en 18 ára, kr. 400.
6. Fyrir komu vegna innlagnar á sjúkrahús skv. 2. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.000.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.000.
7. Fyrir komu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skv. 3. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.300.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 650.
8. Fyrir komu á dagdeild sjúkrahúsa skv. 4. mgr. 9. gr.:
  - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 800.

- b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 400.
9. Fyrir komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 12. gr.:
- a. Sjúkratryggðir, kr. 1.300 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 2.400.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki kr. 650 og að hámarki kr. 25.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 900.
  - c. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 25.000, og ekkert gjald vegna komu til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa.
10. Fyrir rannsóknir skv. 1. mgr. 14. gr.:
- a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 230.
  - c. Börn yngri en 18 ára, kr. 120.
11. Fyrir geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælingu skv. 2. mgr. 14. gr.:
- a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki kr. 25.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 2.400.
  - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr., þó að lágmarki kr. 350 og að hámarki kr. 25.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 800.
  - c. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr., þó að lágmarki kr. 230 og að hámarki kr. 25.000.

Við komu skv. 7. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 25.000 í heild.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fáí síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Gjöld sem greidd eru á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi renna til reksturs stofnananna.

Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 6. gr.

## VIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

17. gr.

### *Sérreglur fyrir atvinnulausa.*

Einstaklingur sem verið hefur samfelld atvinnulaus í sex mánuði eða lengur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

18. gr.

### *Sérreglur fyrir líffæragjafa.*

Þeir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brotnám líffæris eða fyrirhugað brotnám líffæris.

19. gr.

*Gjald fyrir sjúkraflutninga.*

Fyrir sjúkraflutning á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skulu sjúkratryggðir greiða kr. 4.700.

20. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og 37. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi 1. janúar 2009. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1265/2007 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 29. desember 2008.*

## Fylgiskjal I.

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlögna að ræða, sbr. 2. og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Einingar	Verð (175 kr./ein.)	Flokkar	Einingar	Verð (175 kr./ein.)
1. flokkur	21	3.675	9. flokkur	140/165	24.500/28.875
2. flokkur	28	4.900	10. flokkur	150	26.250
3. flokkur	45	7.875	11. flokkur	250	43.750
4. flokkur	70/73	12.250/12.775	12. flokkur	210	36.750
5. flokkur	90/93	15.750/16.275	13. flokkur	510	89.250
6. flokkur	100	17.500	14. flokkur	1100	192.500
7. flokkur	115/140	20.125/24.500	15. flokkur	1580	276.500
8. flokkur	123/210	21.575/36.750			

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 13 - 15 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífar, a.ö.l. eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.

Ef rannsókn er í VIII. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	
	<b>1. flokkur</b>					
301-00	Epipharynx	21	501-00	Þvagfæraysfirlit	28	
304-00	Mjúkpartar á hálsi / barki / skjaldkirtill	21	6xx-32	Bein og liðir - álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28	
401-00	Munnvatnskirtlar	21	6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28	
600-09	Rannsókn á sýni	21	611-00	Orthopantomografia	28	
601-00	Cranium	21	617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28	
602-00	Sinuser	21	626-10	Mjaðmagrind-skyggnaðstöð	28	
603-00	Andlitsbein/nefbein	21	626-11	Mjaðmagrind rannsókn á skurdstofu	28	
608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	629-00	Hryggskekkjurannsókn	28	
609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21	655-00	Lengdarákvörðun/hornamæling á útlimum	28	
620-00	Sternum	21		<b>3. flokkur</b>		
621-00	Hálsiðir	21	199-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
622-00	Brjóstliðir	21	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45	
623-00	Lendarliðir	21	320-07	Lungu/ rekkjumynd utan röntgendeildar	45	
624-00	Rif	21	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
625-00	Sternoclavicularliðir	21	443-00	Anal fistulografia	45	
626-00	Mjaðmagrind	21	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
627-00	Sacroiliacaliðir	21	511-00	Retrograd pyelografia	45	
628-00	Spjaldbein/rófubein	21	512-00	Antegrad pyelografia	45	
631-00	Axlarl./viðbein/herðablað	21	540-00	Grindarmál	45	
632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
633-00	Upphandleggur	21	600-36	Fistulografia	45	
634-00	Olnbogi	21	607-00	Dakrocystografia	45	
636-00	Framhandleggur	21	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45	
637-00	Úlnliður	21	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	
638-00	Hönd/fingur	21	3-I	91x-00	Ómun höfuð og heili	45
639-00	Mjaðmarliðir	21	3-I	912-07	Ómun heili - mobil	45
641-00	Lærleggur	21	3-I	912-11	Ómun heili á skurdstofu	45
642-00	Hnéliður	21	3-II	92x-00	Ómun hjarta og brjóstholshæðar	45
645-00	Fótleggur	21	3-III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45
646-00	Ökkli	21	3-IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri	45
648-00	Fótur/hæll/tær	21				
	<b>2. flokkur</b>					
320-00	Lungu	28				
320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28				
460-00	Kviðarhol, yfirlit	28				

	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
3-IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri - mobil	45	449-00	Herniografia	100
3-IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri á skurðstofu	45	510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografia	100
3-V	95x-00	Ómun þvagfæri, eistu og nýrnahettur	45	530-00	Urethrocystografia	100
3-V	95x-07	Ómun þvagfæri - mobil	45	531-00	Mictionsurethrocystografia	100
3-V	95x-11	Ómun þvagfæri á skurðstofu	45	533-00	Vesiculografia	100
3-VI	960-00	Ómun bein - liðir - liðþófar	45	534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografia)	100
3-VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45	560-00	Hysterosalpingografia	100
3-VI	962-00	Ómun bláæða á útlimum m.t.t. blóðsega (DVT)	45	686-00	Ganglimsphebograpia	100
3-VI	963-00	Ómun mamme	45		<b>7. flokkur</b>	
3-VI	964-00	Ómun mjúkpantar aðrir	45	131-00	Lumbal myelografia	115
3-VII	97x-00	Ómun: leg, eggjaleiðarar, eggjastokkar og fóstur	45	132-00	Thoracal / Cervical / Total myelografia	115
		<b>4. flokkur</b>		304-05	Mjúkpartar á hálsi - ástunga/sýnistaka	115
	320-10	Lungu - skyggnaðstoð	70	320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
	420-00	Magi	70	350-00	Bronchografia	115
	430-00	Mjógirmi	70	450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
	450-00	Gallvegir um dren (cholangiografia)	70	460-05	Kviðarhol - ástunga/sýnistaka	115
	453-00	Gallvegir í aðgerð	70	463-00	Ductografia choled. (ERC)	115
	460-10	Kviðarhol, skygning	70	464-00	Ductografia pancreas (ERP)	115
	501-10	Þvagfæri, skygning	70	590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
	586-00	Cavernografia	70	685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
	589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	70	688-00	Lymfografia	115
	6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - arthrografia	70	6xx-05	Ástunga/sýnistaka	115
	600-10	Skygning	70	715-00	Nýrnabarkar og safinkerfisskann (gluco eða DTPA/DMSA)	140
	600-38	Rannsókn á líki	70	720-00	Nýru, Renografia-MAG3 eða DTPA	140
	800-77	Plönun / eftirhleðslu	70	725-00	Heilaskönnun með DTPA (blood-brain-barrier)	115
	8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	73	734-00	Ísótóparannsókn beinayfirlit	140
	821-04	TS-hálshryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	70	734-03	Ísótóparannsókn beinayfirlit-SPECT	115
	822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugang (myelogr.)	70	735-00	Lungnaskönnun, blóðflæði (perfusion)	140
	823-04	TS-lendhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	70	736-00	Lungnaskönnun, loftfylling (ventilation)	140
3-VIII	9xx-01	Ómun m/skuggaefni	70	740-00	Ísótóparannsókn munnvatnskirtlar	140
		<b>5. flokkur</b>		750-00	Nýrnabarkarskann (DMSA)	140
	8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	93	755-00	Ísótóparannsókn skjaldkirtill	140
	869-33	Tölvusneið-mjaðmar-grind+hornamæling	90	763-00	Thrombosugreining (ísótópaflebografia)	140
	870-33	TS-fótleggur+hornamæling	90	766-00	Eistnaskann	140
	895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	90	773-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun)	140
3-VIII	9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir	90	779-00	Tárangaskönnun	140
		<b>6. flokkur</b>		783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	115
	402-00	Sialografia	100	784-00	Ísótóparannsókn lifur/milta	140
	410-00	Vélinda	100	784-03	Ísótóparannsókn lifur/milta-SPECT	115
	431-00	Mjógirmi-tvíkontrast (sondupassage)	100	787-00	Bakflæði magi-vélinda (mjólkurskann, salivagram)	140
	440-00	Ristill	100	788-00	Magatæming - vökví	140
	441-00	Ristill-tvíkontrast	100	789-00	Magatæming - föst fæða	140
	442-00	Defecografia	100	791-00	Meltingarfæra-blæðingarskann með sulfú colloid	140
				792-00	Meckelscann	140

	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
	793-00	Bakflæði þvagblaðra-þvagleiðari (ísótópa-MUCG)	140	756-00	Kalkkirtlaskönnun (parathyreoidea)	210
3-VIII	9xx-05	Ómstýrð ástunga/sýnistaka	115	757-00	Nýrnahettuskönnun (75-Se-norcholesterol)	210
	8xx-02	Tölvusneiðmynda-rannsókn án og með skuggaefni/ fjölfasa	123	761-00	Ísótóparannsókn beinmergur	210
	896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	123	765-00	Lymfueitlar	210
3-VIII	9xx-61	Æðaðómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðisrannsókn	210	767-00	Æxlisskann með gallium eða joð 131	210
		<b>8. flokkur</b>		768-00	Nýrnaskann með lasix eða captopril	210
	320-06	Lungu - ástunga/dren	140	774-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun) m. CCK eða fitumáltíð	210
	460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140	775-00	Frásög á gallsíru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	210
	6xx-06	Ástunga/dren	140	776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	210
	721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-Cr)	140	777-00	Beinaskönnun, tvífasa	210
	741-00	Hjartavöðvablóðfæði í hvíld (Cardiolite, Myoview)	140	781-00	Polycytaemia vera, meðferð með 32-P	210
	743-00	Ísótóparannsókn myocardium	140	782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna, sequestration (eyðingarstað)	210
	762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	140	790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	210
	778-00	Beinaskönnun, þrífasa	165	795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	210
3-VIII	9xx-06	Ómstýrð ástunga/dren	140	796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	210
		<b>10. flokkur</b>		797-00	Sýkingarskann með gallium	210
	711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils, meðferð með 131-I	150	798-00	Skjaldkirtilskrabbamein, meinvarpaleit, 131-I	210
	785-00	Schillingspróf I	150	8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æðaskoðun	210
	786-00	Schillingspróf II	150		<b>13. flokkur</b>	
	Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150	170-00	Carotis angiografia	510
	Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150	171-00	Carotis interna angiografia	510
		<b>11. flokkur</b>		172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510
	Mxx-01	Segulómrannsóknir án og með skuggaefnisgjöf	250	173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510
	Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	250	174-00	Aorta-cervical angiografia	510
		<b>12. flokkur</b>		175-00	Superselectiv angiografia	510
	704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	210	176-00	Spinal angiografia	510
	709-00	Skjaldkirtilsskönnun og upptökumæling 131-I	210	180-00	Orbital flebografia	510
	710-00	Skjaldkirtilskrabbamein, meðferð með 131-I	210	181-00	Jugularis flebografia	510
	718-00	Ísótóp-lifur og lifrablóðflæði	210	182-00	Spinal flebografia	510
	726-00	Mænuvökvarennslí (cisternografi, intrathecal skann)	210	195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasseri)	510
	728-00	Mænuvökvaleki	210	372-00	Thoracal aortografia	510
	737-00	Hjartavirkni (MUGA)	210	376-00	Æðarannsókn hálslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510
	742-00	Hjartavöðvablóðfæði m. álagi (Cardiolite, Myoview)	210	377-00	Þræðing á bronchial æðum	510
	744-00	Ísótóparannsókn liðir	210	382-00	Skuggaefnisinnndæling í lungnaslagæð	510
	745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	210	383-00	Thoracal cavografia	510
	747-00	Bris	210	395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræðileg rannsókn	510
	748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.)	210	410-40	Vélinda-útvíkkun	510
	754-00	Ísótóparannsókn heila með Ceretec	210	440-40	Ristill-útvíkkun	510
				470-00	Kviðarholsæðar-inndæling í aorta	510
				471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
480-00	Cavografia inf. með v.iliaca	510	590-00	Ástunga á nýrnaskjóðu (percutan nefropyelostom)	510
498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510	592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)-stent	510
570-00	Æðarannsókn á æðum í mjaðmagrind	510	593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510
571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510	675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510
573-00	Renal aortografia	510	676-00	Ganglimsangiografia	510
574-00	Renal angiografia	510	677-00	Aorto-femoral angiografia	510
576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510	679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510	729-00	Basal ganglia (BETA - CIT - 123 - I)	510
578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510	8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/sýnistaka	510
579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	510	8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510
580-00	Flebografi á renalis	510	Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnistaka	510
581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510	Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
582-00	Flebografia af gl. supraren.	510	<b>14. flokkur</b>		
584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510	780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510	<b>15. flokkur</b>		
585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíffæra	510	758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580